



Pési

149.tbl. 12 árgangur. Júní. 2002
Útgefandi Hrunamannahreppur
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094

E-mail hruni@mmedia.is

Lesendur góðir.

Ég þakka góð viðbrögð við frumraun minni á” ritstjórnarvellinum”
Og þá er það næsti Pési
Hann er einum degi seinna á ferðinni en ráðgert var, og var efni í hann að berast laaangt fram yfir auglýstan skilafrest.
Ritstjóri yrði afskaplega þakklátur ef efni í júlí Pésa bærist nokkurn veginn innan tilskilins frests, því þó að Pésinn sé ekki stór í sniðum er ótrúlega mikill tími sem fer í að koma honum út.
Ætlunin er að júlí Pésinn komi út 16.júlí.Efni þarf að berast í síðasta lagi **12.júlí.**

Bestu kveðjur. Svanhildur

Frá sundlauginni á Flúðum.

Opnunartími

Sunnudagur	09:00 - 19:00
mánudagur	10:00 – 22:00
þriðjudagur	10:00 – 22:00
miðvikudagur	10:00 – 22:00
fimmtudagur	10:00 – 22:00
föstudagur	10:00- 22:00
laugardagur	09:00- 19:00



Leiðrétting:

Í bæklingi sem A-listinn gaf út fyrir nýafstaðnar Sveitarstjórnarkosningar voru birtar nokkrar spurningar frá undirrituðum. Inn í eina þessara spurninga slæddist meinleg sláttarvilla, þar sem stóð að umsjónarmaður félagsstarfs skólans væri í 60% starfi. Hið rétta er að hér er um 30% starf að ræða.

Virðingarfyllst

Valgarður L. Jónsson

aðstoðarskólastjóri Flúðaskóla

Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00

opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.

Hraðbankinn er alltaf opinn.

Njólaserferð:

Garðyrkjustöðin Melar vill leggja sitt að mörkum til eyðingar á njóla hér í sveitinni.Við á Melum ætlum að gefa hverjum þeim sem kemur með úðabrúsa til okkar rétta eiturböndu á brúsann.
(t.d. brúsa undan rúðuúða,hann dugar á ótrúlegt magn af njóla)

Guðjón og Helga

Kynning á kortum Olíufélagsins ehf.

Starfsmenn Olíufélagsins munu koma og kynna kortin sín

_þriðju _____ daginn _18_ júní nk. á milli kl. 11:00-16:00. í Verslunni

Grund.

Olíufélagið er með þrjár tegundir af kortum.

- **Safnkort** er ætlað öllum viðskiptavinum sem kaupa vörur eða þjónustu á bensínstöðvum ESSO, smurstöðvum, grillskálum eða á öðrum stöðum tengdum Safnkortinu. Ársfjórðungslega eru sendar út Safnkortsávísanir og yfirlit yfir viðskiptin til þeirra sem náð hafa 10.000 punktum. Punktur er því ígildi peninga. Þessum ávísunum fylgja ætíð spennandi tilboð þar sem unnt er að margfalda verðgildi ávísunarinnar.
- **Einkakort** er greiðslukort, ætlað einstaklingum sem vilja eiga lánsviðskipti við ESSO. Kortinu fylgir hagræði og tímasparnaður og yfirlitið er mesta þarfaping við heimilisbókhaldið eða skattframtalið. Úttektartímabilið er einn mánuður. Kortinu fylgir tenging við Safnkortið. Einkakortið skráir því sjálfkrafa Safnkortspunkta þegar það er notað. Úttektir eru gjaldfærðar beint á bankareikning korthafa. Kortinu fylgir hvorki korta- né útskriftargjald. Hægt er að velja hvort kortið gildi í sjálfsala á ESSO-stöðvunum og hægt er að láta skrá kílómetrastöðu bifreiðar við áfyllingu.
- **Fyrirtækjakort** eru ætluð fyrirtækjum sem eiga lánsviðskipti við ESSO. Kortin gera fyrirtækjum kleift að halda betur en áður utan um rekstur bílanna. Fyrirtækjakort standa öllum fyrirtækjum sem hafa vsk-númer til boða. Hægt er að velja á milli fjögurra mismunandi kortagerða. Til dæmis er hægt að takmarka notkun korts við ákveðna vöruflokka, útiloka notkun þess í sjálfsölum og láta kerfið krefjast kílómetrastöðu bifreiðar við áfyllingu. ESSO sendir reikning og viðskiptayfirlit mánaðarlega ásamt gíróseðli, þar sem kemur m.a. fram sundurliðun á virðisauka.

4 kortagerðir

Kortagerð 1: Kort er skráð á fyrirtækið sjálft, bílstjóra þess og/eða bíl.

Kortagerð 2: Handhafakort ef margir bílstjórar eru um sama bílinn.

Kortagerðir 3 og 4 eru tvö kort sem vinna saman þ.e. sérstakt kort er skráð á bíl og er geymt þar, en starfsmenn fá kort skráð á viðk. starfsmann. Kortin er ekki hægt að nota hvort í sínu lagi heldur biður kortalesari alltaf um viðbótarkort þegar þessi kort eru notuð. Þessi kortagerð er mjög heppileg ef um stóran bílaflota er að ræða og aldrei sami bílstjóri á ákveðnum bíl.

Sumarkveðja

Kolbrún Edda Gísladóttir.

Ingi Guðjónsson

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
14 og 28. júní
og 12 júlí
Pantið tímanlega.
Tímappantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi 854-8847 og 899-9665.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Barnfóstra:.

Barnfóstru vantar til að gæta 19. mán. drengs.

Uppl. hjá Hörpu Siggu.S:486-6003 og 865-8695

Iðandi dagar 2002

Ákveðið hefur verið að halda aftur Iðandi daga á Flúðum og í nágrenni í sumar. Um sömu helgar er að ræða; Jónsmessan, 5.-7. júlí og verslunarmannahelgin. Jónsmessuhelgina verða þó einungis tveir viðburðir í gangi en það er Jónsmessuganga annars vegar (auglýst nánar síðar) og

FYRSTA UMFERÐ TRAKTORSTORFÆRUNNAR

á sunnudeginum. Sömu skilyrði fyrir þátttöku (50 hestöfl) en í fyrstu umferð geta allir spreytt sig og tekið þátt. Fyrstu 6 komast síðan áfram í næstu tvær umferðir. Skráning til þátttöku verður á höndum Jóns Viðars (898-1468), en nú eins og í fyrra verða hann og Hörður Úlfarsson umsjónarmenn torfærunnar. Tekst einhverjum að slá jaxlana frá því í fyrra út...?????

Að öðru leyti verður lagt upp með mjög svipuðu sniði Iðandi daga og í fyrra og vonandi að mannlífið í Hrunamannahreppi verði jafn iðandi og þá. Þeir sem ekki muna alveg um hvað þetta snérist þá voru útimarkaðir, kynningar, tombóla, happdrætti, ratleikur, leiktæki, andlitsmálun, kofabyggingar, hestar, trúbador, traktorstorfæra, gönguferðir, eldspúandi ofurhugar, fitness-keppni, furðubátakeppni, grettukeppni, Íslandsmeistaramót í míkadó, hestaleikar, ókeypis í sund f. börn og ýmis tilboð í gangi hjá öllum ferðapjónustuaðilum.

Auglýsi ég hér með eftir hugmyndum að nýjum uppákomum og einnig vil ég gjarnan heyra í þeim sem hug hafa á að koma með vörur á útimarkað, hvort sem er til kynningar eða sölu.

Eins og eflaust margir hafa heyrt þá eru stórsamtök í landinu búin að taka sér slagorð okkar í munn; Ísland á iði. Við látum ekki taka okkur svona í nefið, við eigum slagorðið og höldum okkur við það;

***Hrunamannahreppur á iði - Iðandi dagar - iðandi mannlíf.
Sjáumst á iði!!***

Anna Kr. Ásmundsdóttir
umsjónarmaður Iðandi daga
896-6430

19.júní reiðtúrinn

Jæja stelpur, nú er það reiðtúrinn þann 19. júní.

Við ætlum að fara frá Grund um kl. 17:00 og ríða upp með Litlu-Laxá um Kirkjuskarð og enda samkvæmt venju á Kaffi-Seli í pizzu.

Lilja og Íris

Atvinna í boði

Starfskraftur óskast í hálfstarf á Garðyrkjustöð í sumar.

Sveigjanlegur vinnutími í boði.

Uppl. í síma 486 6443 Lúðvík og Guðrún.

Frá Bókasafninu

Sumaropnunartími

Mánudaga 20-21

Miðvikudaga 16-18

Flugueitrun í heimahúsum.

Tek að mér að pensla gegn húsaflugu í heimahúsum.

Guðjón Melum.

Þakkir frá 10. bekk í Flúðaskóla.

Við í 10. bekk viljum þakka kærlega fyrir frábærar viðtökur við áheitasöfnun okkar í maí síðastliðnum. Hjólbörugangan gekk frábærlega vel og bæði við og bíllinn vorum klædd í auglýsingar af öllum stærðum og gerðum og vöktum við því heilmikla athygli, keyrandi hvert annað í hjólbörum. Þar að auki fór Kampholtsmóri að hrella okkur við Bitru og bíllinn gaf algjörlega upp andann. Var því ekki um annað að ræða en að taka hann í tog og fórum við því síðustu kílómetrana í togi Gríms í Ásatúni. Engin smá hersing sem nálgast Selfoss; bílar foreldra sem fylgdu, með bíl í togi sem var allur skreyttur fánum og auglýsingum og þar að auki hóp af unglíngum sem keyrði hvert annað í hjólbörum.....! Vakti hópurinn óneitanlega gífurlega athygli vegfarenda.

Farið var í frábært skólaferðalag norður í Skagafjörð þar sem við sigldum niður jökulá og sveifluðum okkur í Hegranesi ásamt helling öðru.

Hafið kærar þakkir; Árvirkinn, Hestakráin, Smári Vignisson, Sólargeislinn, Kaffi-Sel, Fossraf, Verslunin Grund, Ferðaþjónustan S-Langholti, Flúðafiskur, Óli F. verktaki, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Garðyrkjustöðin Hvammur I, Vélaverkstæðið Klakkur, Land og synir, Silfurtún, Gröfutækni, Garðyrkjustöðin Brún, Garðyrkjustöðin Jörfi, Heiðarbyggð, Kvenfélag Hrunamannahrepps, Sigurður Steinþórsson, MBF, Forseti Vorsabæ, Landstólpi, Félagsheimilið Árnes, Sportbær, Kvenfélag Skeiðamanna, Casa/Barón, Garðakúnst Hvítárdal.

Allir þessir hafa greitt greiðsluseðlana og kunnum við þeim því okkar bestu þakkir fyrir. Skorum í leiðinni á þá sem eiga eftir að greiða greiðsluseðlana að gera það sem allra fyrst. Með fyrirfram þökk.

10. bekkur Flúðaskóla 2002.

Silawrap!

PLAST-NET-GARN.

Er með plast, net og garn á boðstólum í sumar,-nóg handa öllum. Silawrap er besti kosturinn – Kastali besti osturinn.

Til þeirra er málið varðar !

Að gefnu tilefni vill Flytjandi koma því á framfæri að auglýsing sú er límd var á bíl í eigu Flúðaleiðar, nú rétt fyrir kosningar, var sett á bifreiðina án leyfis eiganda, og tengist því fyrirtækjunum á engan hátt.

Bestu kveðjur.

Flytjandi
Klettagörðum
104. Reykjavík

Flúðaleið ehf.
Pálmar Þorgeirsson
Frankvæmdastjóri

Páll Halldór Halldórsson
Sölu- og þjónustustjóri

Atvinna í boði.

Flúðaleið ehf vantar meiraprófsbílstjóra til sumarafleysinga.

Uppl. gefur Pálmar í síma **892-2370**.

Afgreiðslutími Verslunarinnar Grund í sumar verður sem hér segir:

Mánudaga – Föstudaga 8:30 til 21:00
Laugardaga og Sunnudaga 10:00 til 20:00
ATH. Lokað 17. júní

Með sumarkveðju,
Starfsfólk Verslunarinnar Grund
Sími: 486 6633
Netpóstur: vgrund@fludir.is

Gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2002.

Í sumar ætlar Æskulýðs- og íþróttanefnd Hrunamannahrepps að standa fyrir gönguferðum vítt og breytt um þann fallega hrepp.

Allar ferðirnar eru farnar á sunnudögum, hefjast kl 13:00, (utan göngu niður Stóru Laxárgljúfur) og gert er ráð fyrir nestisstoppi. Göngugarpar sjá sjálfir um að koma sér á upphafsreit en Björgunarsveitin Eyvindur sér um að koma fólki þangað aftur gegn vægu gjaldi, eftir að göngu líkur.

1. ferð. 16. júní,

Hruni – Hrepphólar (gengið milli kirkna).

Lagt af stað frá kirkjustaðnum Hruna og þaðan farið að Hrunalaug og tánunum dýft ofaní. Síðan er gengið á Galtafell og ef bjart er veður, er þaðan geysimikið útsýni.

Þá er haldið eftir fellinu og fundin niðurganga austan megin þar sem Stóra Laxá rennur og Huppusteinn stendur keikur, stuðlabergið í Hólahnjúkum skoðað og endað í kirkjunni í Hrepphólum.

Áætlaður göngutími 3-4 klst.

Fararstjóri er sr. Eiríkur Jóhannsson sóknarprestur í Hruna.

2. ferð. 30. júní.

Skollagróf – Golfskálinn.

Lagt af stað frá Skollagróf og bakkar Hvítár þræddir, þar til leið endar í Golfskálanum.

Þetta er skemmtileg leið en getur verið blaut í rigningu.

Engin fell á leiðinni sem þarf að klífa, en áin er ákaflega falleg og mikið fuglalíf.

Áætlaður göngutími 3 klst.

Farastjórar Samúel og Þórunn bændur í Bryðjuholti.

Nú þegar kosningar eru nýafstaðnar fara hagræðingar landsins að komast á flug. Eftirfarandi vísur eru þó í eldri kantinum og tengjast ekki kosningum í Hrunamannahreppi á nokkurn hátt

Ýmsum yljá upphafin
aðrir flýja í hópum
Hlaut því nýja hreppsnefndin
helft af skýjaglópum.

(höf. Jón Ó Þorláksson bóndi. Borgarholti Bisk. 1951-1961)

Hér kemur nýja hreppsnefndin
Hún er að skrifa í Kuðunginn.
Ekki er fríður flokkurinn
Mér finnst hann þrýða hundurinn.

(höf? Ort í Eyjafirði)

Karлакór Hreppamanna

auglýsir

Samkeppni um merki kórsins

Nú höfðum við til hugmyndaflugs ykkar, kærur lesendur, og auglýsum eftir hugmyndum að merki kórsins. Skila má inn handgerðum teikningum eða grófunnum tölvuteikningum með að hámarki fjórum litum. Tillögum skal skilað undir dulnefni en rétt nafn sendanda fylgi með í lokuðu umslagi. Ætlunin er að nota merki kórsins á fána, á prentað efni og e.t.v. verður það prentað á fatnað. Stjórn kórsins áskilur sér rétt til að láta útfæra eða fullvinna þá tillögu sem valin verður, í samráði við höfund merkisins.

Tillögum skal skilað fyrir 1. ágúst til formanns kórsins, merkt:

Karлакór Hreppamanna c/o

Brynjar Sigurðsson

Heiði, Biskupstungum

3. ferð 14. júlí

Flúðir – Miðfell – Flúðir.

Gengið frá sundlauginni á Flúðum og vanalega gönguleið upp á Miðfell. Gengið eftir endilöngu fellinu meðfram vatninu sem þar er uppi og niður af því aftur vestan megin. Þar er komið í Götuland og leiðin liggur eftir slóð fiðrildanna út á Langholtsveg. Gengið eftir honum og endað aftur á upphafsreit. Ganga á Miðfell svíkur engan.

Áætlaður göngutími 3 klst.

Fararstjóri Eva Marín Hlynsdóttir á Hrafnkelsstöðum.

4. ferð. 11. ágúst.

Kaldbakur – Laugar.

Gangan hefst á Kaldbak og gengið að eyðibýlinu á Kluftum.

Þaðan inn á Fagradal og upp á Háhnjúk, 389 m

(Ingjaldshnjúk). Þegar þangað er komið sést vonandi yfir stóran hluta Suðurlands, því útsýnið er frábært.

Niður af Háhnjúk liggur svo leiðin í Gildurhaga sem er náttúruperla og þaðan að Laugum.

Áætlaður göngutími 4-5 klst.

Fararstjóri Gyða Björk Björnsdóttir í Skipholti.

5. ferð 25. ágúst.

Stóru Laxárgljúfur.

Ekið inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru Laxár, sem er rómað fyrir fegurð. Komið við á Hrunakrök og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga.

Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu kl 10:00 þaðan verða þeir keyrðir inn í afrétt. Áætlaður göngutími 7-8 klst.

Nánari upplýsingar í síma 486 6745, Magga Brynjólfs.

Er með barnarimlarúm til sölu.

Mjög fallett, úr kirsuberjavið.

Upplýsingar í s:486-6709 og 865-3577.

ATH.

Hið árlega kvennahlaup verður sunnudaginn 16.júní kl.11:00. Hlaupið verður frá Flúðaskóla 2,5 og 5 km. Þátttökugjald er kr. 800. Skráning verður á staðnum og hefst kl: 10:15. Mætum allar og göngum, skokkum eða hlaupum og njótum hreyfingar og útivistar saman.

Nánari upplýsingar og forskráning er hjá Fjólu í síma 868-5751.

Atvinna.

Starfskraftur óskast í heimilishjálpi sem allra fyrst.

Upplýsingar veitir Loftur Þorsteinsson á skrifstofu

Hrunamannahrepps. Sími 486-6617.

Hreppsnefnd.

Hestaeigendur athugið!

Standa hestarnir? Þurfa þeir brúkun?

Vantar ykkur þjálfun á hrossin ykkar eftir veturinn?

Við höfum þörf fyrir mörg hross í ferðir í sumar.

Þurfa að vera hrekkláus og mjúkgeng.

Hafið samband. S:486-6079, 853-1679, 853-6479 og

848-969. Hjalti og Sigrún Fossnesi.

Rabarbari!

Eru ekki einhverjir, sem eru farnir að huga að sultugerð og vilja nýta sér ókeypis rabarbara?

17. júní hátíðarhöld í Hrunamannahreppi.

Dagskrá:

Kl: 13:30 skrúðganga hefst við Ferðamiðstöðina.

Gengið í íþróttahúsið, þar mun sr.Eiríkur flytja bænarröð, ávarp fjallkonu verður á sínum stað, svo og hátíðarræðan. Afrekshorn Búnaðarfélags Hrunamanna verður afhent.Söngur, tónlistaratriði.Eftir dagskrá í íþróttahúsi verður haldið niður að sundlaug og fylgst með æsispennandi "listakeppni".

Loks verður gengið aftur að íþróttahúsi, þar sem ræst verður í 17. júní hlaup.

Á **Útlaganum** verður kaffi og vöffur.m.rjóma á boðstólum.

Fröken Fix verður með fyrsta kaffihlaðborð sumarsins frá kl:14:00.

“**Hóтелиð** verður með “öðruvísi hlaðborð” ýmis konar brauðréttir og ostar og heitt kakó.Vinsamlegast pantið borð tímanlega”

Um kvöldið kl:20:00 verður svo diskótek í Félagsheimilinu. Þar mun hinn síungi Jón Bjarnason þeyta diskana fram eftir kvöldi.Þetta er skemmtun fyrir alla aldurshópa og hvetjum við fólk á öllum aldri til að mæta í félagsheimilið.Aðgangur er ókeypis.

17. júní nefnd.

Sláttuvélarleiga!

Láttu ekki grasið í garðinum spretta úr sér.

Leigi út sláttuvél.Uppl. í sínum.486-6709 og 865-3577

Hross í óskilum.

Á Fossi er í óskilum 4-5 v. brún hryssa.

U.þ.b. vika er síðan hryssunnar varð vart.

Upplýsingar eru í síma 486-6767.

Ár 2002, miðvikudaginn 5. júní kom hreppsnefnd saman til 10. fundar ársins á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6. Allir nefndarmenn voru mættir.

1 Kynntar fundagerðir Atvinnuþróunarsjóðs frá 12/4 og 10/5 2002.

2 Kynnt fundargjörð Skólaskrifstofu Suðurlands frá 22/5 2002.

3 Kynnt fundargjörð heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 21/5 2002.

4 Fyrir var tekin fundargjörð bygginganefndar frá 14/5 2002.

Samþykkt án athugasemda.

5 Kynnt fundargjörð héraðsnefndar 3/5 2002.

6 Kynnt fundargjörð USU nefndar frá 8/5 2002.

Varðandi lið 2 kemur fram að nefndin telur nauðsynlegt að sveitungarnir hafi aðgang að hörpuðu efni til ofaniburðar í hlöð og heimreiðar og skorar á sveitarstjórn að hún hlutist til um að þetta efni verði til sölu í sumar.

Hreppsnefnd tekur undir þetta sjónarmið og mun senda Vegagerð ríkisins erindi um málið.

Varðandi lið 3 um eldsneytis afgreiðslu við verslunina Grund ítrekar sveitarstjórn stefnu sína í málinu þ.e. að flytja skuli bensín afgreiðsluna frá gatnamótunum við Grund á annan stað. Jafnframt undrast sveitarstjórn að fulltrúar Olúfélagsins h.f. hafi ekki haft neitt samband um leiðir til úrbóta frá fundi með hreppsnefnd þann 13. mars s.l.

7 Kynnt fundargjörð skólanefndar frá 14/5 2002.

8 Kynnt fundargjörð leikskólanefndar frá 27/5 2002.

Í lið 2 kemur fram að leikskólanefnd mælir með að leigja

Ferðamiðstöðina og nýta hana sem Sel frá leikskólanum.

Hreppsnefnd samþykkir að taka Ferðamiðstöðina á leigu og þar verði rekið Leikskólasel.

9 Fyrir lá bréf dags. 24/5 2002 þar sem Guðmundur Magnússon segir upp frá og með 1. október 2002 húsnæði sem hann hefur leigt undir smíðakennslu.

Hreppsnefnd vinnur að lausn málsins.

10 Kynnt fundargjörð hitaveitu Grafarhverfis frá 17/5 2002.

11 Skipað í 17. júní nefnd. Í stað Grétars Skúlasonar kemur Karl Guðmundsson.

12 Fyrir lá bréf dags. 26. maí 2002, svohljóðandi:
 Meðfylgjandi er afrit af undirrituðum bréfum sem send voru til Vegagerðarinnar 27. maí 2002 og óska ég eftir því að bréfum þessum verði fylgt eftir.
 Ástand vega hér í sveitinni er vægast sagt mjög slæmt og er það ósk mín að hreppsnefnd þrýsti á vegabætur hið snarsta.
 Virðingarfyllst, Elín Jóna Traustadóttir.
 Hreppsnefnd tekur heilshugar undir erindi bréfanna og mun halda áfram að þrýsta á um vegabætur.
 13 Kynnt fundargjörð stjórnarfundar SASS frá 8/5 2002.
 Fleira ekki tekið fyrir til afgreiðslu.

Ár 2002, miðvikudaginn 12. júní kom hreppsnefnd saman til 11. fundar ársins í Félagsheimili Hrunamanna.

Hreppsnefndarkosningar fóru fram 25. maí 2002 og voru eftirtaldir kosnir í hreppsnefnd.

Af A lista áhugahóps ungra kjósenda sem hlaut 121 atkvæði

Björn Kjartansson og Þorsteinn Loftsson.

Af H lista samstarfshóps um sveitarstjórnarkosningar sem hlaut 234 atkvæði

Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon og Sigurður Ingi Jóhannsson.

Varamenn eru þeir sem voru í öðrum sætum listanna og vísast til gerðabókar kjörstjórnar um nöfn þeirra og röð.

1. Með lengsta setu í sveitarstjórn er Sigurður Ingi Jóhannsson, hann setti fundinn og bauð nýkjörna hreppsnefndarmenn velkomna.
2. Samþykkt var samhljóða að Sigurður Ingi Jóhannsson yrði kjörinn oddviti og Eiríkur Ágústsson vara oddviti með 3 atkvæðum en Ragnar Magnússon fékk 2 atkvæði.
3. Oddviti lagði til að reglulegir fundir yrðu haldnir 1. miðvikudag hvers mánaðar sbr. samþykktir Hrunamannahrepps um stjórn og fundarsköp. Tímabilið maí til september mundu þeir hefjast kl. 20.30 en október til apríl kl. 14.00. Samþykkt.
4. Lagt til að Guðrún Hermannsdóttir verði ráðin ritari hreppsnefndar tímabundið. Samþykkt.
5. Kosið í nefndir:

<u>Félagsmálanefnd.</u>	<u>Bygginganefnd.</u>
Ásta Oddleifsdóttir	Einar Logi Sigurgeirsson. Til vara: Smári Vignisson
Eiríkur Jóhannsson	
Til vara	<u>Bygginganefnd Leikskóla.</u>
Fjóla Kjartansdóttir	Jón Eiríksson form.
Ásdís Bjarnadóttir	Eydís Helgadóttir og Páll Jóhannsson
<u>Fræðslunefnd</u>	<u>Ferðamálanefnd</u>
Þorleifur Jóhannsson form.	Unnsteinn Eggertsson formaður
Gyða Björk Björnsdóttir	Hörður Úlfarsson
Halldóra Hjörleifsdóttir	Árni Hjaltason
<u>Til vara í fræðslun.</u>	<u>Til vara í ferðamálan.</u>
Eiríkur Jóhannsson	Lára Þórsdóttir
Þórunn Andrésdóttir	Sigmundur Jóhannsson
Fjóla Kjartansdóttir	Kristbjörg Kristinsdóttir
<u>Landbúnaðarnefnd</u>	<u>Til vara í land.b.nefnd</u>
Bjarni Valur Guðmundsson	Jón Viðar Finnsson
Unnsteinn Hermannsson	Aðalsteinn Þorgeirsson
Ólafur Stefánsson	Gunnar Eiríksson

- 6 Samþykkt að auglýsa eftir sveitarstjóra, leitað hefur verið til ráðningarstofunnar Mannaflls. Umsóknarfrestur rennur út 24. júní n.k.
- 7 Samþykkt að Loftur Þorsteinsson verði ráðinn sveitartjóri tímabundið til 1. september n.k.
Oddvita falið að ganga frá samningum við hann.
- 8 Fyrir lá kaupsamningur þar sem Trausti Indriðason selur Guðjóni Traustasyni og Önnu May Carlson jörðina Unnarholt. Hreppsnefnd samþykkir að neyta ekki forkaupsréttar.

Fleira ekki tekið fyrir til afgreiðslu.